

### **35. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 Þórshöfn þriðjudaginn 21. maí 2013 kl.10:30**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson , Björgvín Þóroddsson, Kristján Úlfarsson, Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá.**

##### **1. Umsókn um byggingarleyfi.**

Almar Marinósson sækir hér með um að fá að byggja 40m<sup>2</sup> bílskúr við lóð sína Fjarðarvegi 13 á Þórshöfn ,með umsókninni fylgir loftmynd þar sem bílskúrin er teiknaður inn á jafnframt fylgir með undirrituð grenndarkynning sem íbúar í nærliggjandi húsum hafa undirritað og gera þau engar athugasemdir við bygginguna . Mikil umræða var um staðsetninguna , Gaukur byggingarfulltrúi var í símanum ,Almar var fenginn á fundinn .

Nefndin óskar eftir því við umsækjanda að hann skoði það að snúa bílskúrnum með Lækjarvegi með innkeyrslu frá Fjarðarvegi.

##### **2. Sumarverkefni**

Farið var yfir viðhald fasteigna og opin svæði en búið er að taka út eftirfarandi eignir

##### **Hálsvegur 9-11**

Skipta þarf um glugga ,hurðir og gler

Mála þarf hús og þakkanta.

##### **Bakkavegur 23**

Múrviðgerðir

Mála hús og glugga

Skipta þarf um borð við þakrennur og mála

##### **Miðholt 10**

Skipta þarf um tvær rúður

Mála þarf hús, glugga og bera á timburverk

Múrviðgerðir

##### **Langholt 6**

Gluggar lélegir og einn ónýtur

Þarf að mála glugga og hurðar

Þakjárn lélegt, þakkantur ónýtur og þakrennur ónýtar.

##### **Íþróttarhús**

Klæða þarf steinvegg 30m<sup>2</sup>

##### **Opin svæði :**

Gangstétt Bakkafjörður 310 metrar

Gangstétt Þórshöfn 450 metrar

Skrúðgarður

Gróður og annað (td.undirbúa skjólbelti við urðunarsvæðið á Bakkafirði)

Nefndin leggur til að farið verði í þessa hluti í sumar.

### **3. Bréf frá Vegagerðinni**

Í bréfi vegagerðarinnar er verið að hlutast til að sveitarfélagið viðhaldi girðingum meðfram vegum í sveitarfélaginu og því verði lokið 30.júní 2013. Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 12:30